

um frv. til l. um landsútsvör.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið um landsútsvör hefur legið lengi hjá nefndinni. Lengi vel var látið í veðri vaka, að frumvarp að nýrri útsvarslöggjöf mundi verða lagt fram á þessu þingi og í því myndu verða ákvæði um landsútsvör. Með tilliti til þessa vildi meiri hlutinn bíða með afgreiðslu málsins, þar sem óeðlilegt væri að afgreiða þennan þátt útsvarsmálanna með sérstakri löggjöf á sama þingi og heildarlög yrðu sett um útsvör. — En nú er ljóst orðið, að ríkisstjórnin hefur orðið svo síðbúin með útsvarsfrumvarp sitt, að það verður ekki lagt fram á þessu þingi. Þar með er átylla meiri hlutans niður fallin, og sér minni hlutinn því enga ástæðu til að bíða lengur. Við í minni hlutanum leggjum því til, að frumvarpið verði samþykkt.

Efni þess er það í sem skemmstu máli, að fyrirtæki og stofnanir, sem starfsemi reka, er nær til landsins alls, hvort sem eru skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingafélög eða verzlunarstofnanir ríkisins, eins og áfengis- og tóbaksverzlunin, skuli greiða landsútsvar. Skal það renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en skiptast milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Má það augljóst vera, að útsvarsbyrðarnar leggjast ekki réttlátlega á þegnana, meðan fyrirtæki, sem verzlun reka við fólk um land allt, greiða útsvar aðeins til eins sveitarfélags. Þannig greiddu Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins um 13 milljónir króna til Reykjavíkurbæjar á s. l. ári. Eins er þessu farið með stórfyrirtæki eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og mörg önnur, sem taka mestan hluta gróða síns af viðskiptum við fólk í utan Reykjavíkur, en skila hins vegar óskiptri útsvarsgreiðslu sinni til höfuðborgarinnar.

Gegn því verða naumast færð gild rök, að réttmætara væri, að útsvarsgreiðslur af slíkum viðskiptum skiptust á landslýðinn almennt. Rangsléitni þess fyrirkomulags, sem nú ríkir, leiðir til þess, að útsvarsstiggar sveitarfélaganna utan Reykjavíkur eru hærri, og leggjast því þyngri útsvarsbyrðar á hvern einstakling þar en í höfuðborginni.

Úr þessu misrétti mætti bæta með landsútsvörum, eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Þess vegna leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. marz 1961.

Hannibal Valdimarsson, Jón Skaftason.
frsm.